

**215. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Grundaskóla,  
miðvikudaginn 3. maí 2023 og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2305002 - Grundaskóli - starfsemi**

Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri Grundaskóla situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð þakkar Sigurði Arnari Sigurðssyni fyrir móttökurnar og góða kynningu á starfsemi Grundaskóla.*

Sigurður Arnar Sigurðsson víkur af fundi.

**2. 2212064 - Erindi frá Sundfélagi Akraness**

Mat á tilraunarverkefni um lokun sundlaugarinnar á Jaðarsbökkum fyrir almenningi virka daga frá kl. 15:00-17:00. Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja situr fundinn undir þessum lið.

*Skóla- og frístundaráð frestar afgreiðslu málsins.*

**3. 2305003 - Opnunartími íþróttamannvirkja**

Á fundi skóla- og frístundaráðs 4.janúar s.l. var til umfjöllunar erindi frá bæjarstjórnarfundum ungfólksins um íþróttalíf á Akranesi sem tók m.a. til opnunartíma íþróttamannvirkja. Daníel Sigurðssyni Glad forstöðumanni íþróttamannvirkja var falið að móta tillögur að breytingu á opnunartímum mannvirkjanna sem hann kynnir fyrir ráðinu.

*Skóla- og frístundaráð þakkar forstöðumanni íþróttamannvirkja fyrir vel ígrundaðar tillögur varðandi breytingar á opnunartímum. Ráðið mun skoða málið og taka ákvörðun síðar.*

**4. 2305001 - Heilsuefling eldri borgara - aðgangur að tækjasal**

Aðsent erindi með tillögum að aðgerðum til að auka heilsueflingu eldri borgara.

*Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og samþykkir að bjóða eldri borgurum sem kaupa aðgang í sund á milli kl. 13:00-15:00 á virkum dögum frítt í þreksalinn á Jaðarsbökkum.*

Daníel Sigurðsson Glad víkur af fundi.

**5. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun**

Kynning á lokaútgáfu Menntastefnu Akraneskaupstaðar.

*Lagt fram til kynningar.*

**6. 2301006 - Fundargerðir 2023 - menningar- og safnanefnd**

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**